

7. BEKKUR 2013

GEYMIST Í SKÓLA

STÆRÐFRÆÐI

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI II

Nafn: _____

Bekkur: _____


Skóli: _____

- Merktu prófheftið og svarblaðið með nafni þínu, bekk og skóla.
- **Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri á svarblaði eigi við þig.**
- **Svaraðu fjölvalsspurningum á svarblaðið.**
- Notkun vasareiknis er heimil í þessu hefti.
- Leyfð hjálpargögn eru reglustika, gráðubogi og vasareiknir.
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.




23. Merktu við staflann af kubbum sem hefur ekki sama fjölda og hinir þrír.


K




L



M



N



24. Við margföldum tölurnar 1 til 10 með 13.

Hve margar af útkomunum verða sléttar tölur?

P 4

R 5


S 6

T 8

25. Hvert er flatarmál skyggða svæðisins?

V 33 cm^2 X 34 cm^2 P 35 cm^2

☛ 36 cm^2



$\square = 1 \text{ cm}^2$

26. Á hvaða mynd eru $\frac{3}{8}$ hlutar skyggðir?

A

B

C

D

27. Í leiðbeiningum á málningardós stendur að málningin muni þekja 12 m^2 . Rakel ætlar að mála hjá sér loftið í herberginu sínu.

Hvað þarf Rakel að athuga til að vita hve mikla málningu hún þarf að kaupa?

- F flatarmál loftsins
- G hæð herbergisins
- H rúmmál herbergisins
- I ummál loftsins

28. Merktu við stærstu töluna.


- K $\frac{4}{5}$
- L $\frac{6}{10}$
- M $\frac{7}{9}$
- N $\frac{11}{14}$

29. Magnús notar 5 og hálf teskeið af kakói til að búa til 2 lítra af kakódrykk.


Hve margar teskeiðar þarf hann til að búa til 3 lítra af samskonar kakódrykk?

- P $6 \frac{1}{2}$
- R $8 \frac{1}{4}$
- S $10 \frac{1}{2}$
- T $16 \frac{1}{4}$


30. Merktu við ferhyrninginn sem hefur tvö 120° horn.




V



X



Þ



Æ





31. Guðrún snýr örinni á skífunni hér til hliðar 100 sinnum.


Hún skráir hjá sér á hvaða lit örin lendir.

Guðrún birtir niðurstöðurnar í súluriti.


Hvaða súlurit sýnir líklegustu niðurstöðuna?




A



B



C



D

32. Svala fer í rútu til Akureyrar. Hún leggur af stað frá Reykjavík fimmtán mínútur yfir átta. Rútan kemur á áfangastað eftir 6 klukkustundir og 48 mínútur. **Hvað er klukkan þegar Svala kemur til Akureyrar?**

- F 15:03
- G 14:57
- H 15:13
- I 15:53

33. Hve langt kemst rútan ef henni er ekið að meðaltali á 85 km hraða á klst. í 3 ½ klukkustund?

- K 212,5 km
- L 272,0 km
- M 280,5 km
- N 297,5 km

34. Skátaflokkur er að undirbúa útilegu. Í skátaflokknum eru 12 krakkar og með í útilegunni verða tveir foringjar. Sameiginlegur matur verður einu sinni. Boðið er upp á pylsur og pylsubrauð. Í hverjum pylsupakka eru 10 pylsur og í hverjum pylsubrauðapoka eru 5 pylsubrauð. Miðað er við að hver einstaklingur borði 3 pylsur.

Hve marga pylsupakka þarf að kaupa fyrir allan hópinn?

- P 3
- R 4
- S 5
- T 6

35. Hve marga poka af pylsubrauðum þarf að kaupa fyrir allan hópinn?

- V 6
- X 7
- P 8
- ✿ Æ 9

36. Hve lengi getur flokkurinn verið í útilegunni ef keyptir eru 17 pylsupakkar með brauðum og borðuð er ein pylsumáltíð á dag?

- A 3 daga
- B 4 daga
- C 5 daga
- D 6 daga

37. Þrír vinir slá og hreinsa garðinn hjá Jóni gamla. Hann borgar þeim 4000 kr. fyrir. Þeir skipta upphæðinni í þrjá jafna hluta en þá verður afgangur sem þeir gefa í söfnunarbauk. **Hve margar krónur fær hver þeirra?**

- F 1000 kr.
- G 1253 kr.
- H 1313 kr.
- I 1333 kr.

38. Sigrún fékk 10% afslátt af buxum sem áður kostuðu 14500 kr.

Hve mikið þurfti hún að borga?

- K 11050 kr.
- L 12150 kr.
- M 13050 kr.
- N 14150 kr.

Forréttir

<i>Andaleggir confite</i>	2500
<i>Laxatartar</i>	1950
<i>Parmaskinka í melónu</i>	1950
<i>Reykt skarfabrjóst</i>	2500
<i>Salat eftir kenjum kokksins</i>	1950

Eftirréttir

<i>Ávaxtabomba</i>	2000
<i>Ís og eldur</i>	2500
<i>Súkkulaðifreisting</i>	2000

Aðalréttir

<i>Bleikja með heitu humarsalati</i>	3500
<i>Brauðfylltur kalkúnn</i>	3500
<i>Fasani m/beikonfyllingu</i>	5000
<i>Nautahryggur yfirþjónsins</i>	5000
<i>Rótarávextir og eggaldin</i>	3500
<i>Skötuselur með trufflum</i>	5000

Drykkir

<i>Gos</i>	250
<i>Kaffi</i>	350
<i>Te</i>	300

39. Halla og Gylfi fara á veitingastað. Þau panta sér forrétt, aðalrétt og eftirrétt af matseðlinum hér að ofan.

Hver væri lægsta mögulega upphæðin sem þau þyrftu að borga samanlagt?

- P 7450 kr.
- R 8950 kr.
- S 14900 kr.
- T 16000 kr.

40. Halla fær sér andaleggi í forrétt, skötusel í aðalrétt og ávaxtabombu í eftirrétt. Gylfi fær sér parmaskinku í forrétt, nautahrygg í aðalrétt, sleppir eftirréttinum en fær sér kaffi í staðinn. Bæði fá sér gos með matnum.

Hve hár verður reikningurinn?

- V 14450 kr.
- X 16950 kr.
- Þ 17300 kr.
- ♣ Æ 17650 kr.

41. Hvað kostar einn skammtur af eftirréttinum Ís og eldur ef 25% afsláttur er veittur?

- A 1500 kr.
- B 1750 kr.
- C 1875 kr.
- D 2250 kr.

- 42.** Sigurjón þarf að hreinsa borðstofustólana sína. Hann á 6 stóla. Hann sér tilboð frá hreinsunarfyrirtæki sem tekur 6275 kr. fyrir að hreinsa einn stól. Hann ákveður hins vegar að þrifa þá sjálfur og kaupir hreinsiefni fyrir 8750 kr.
Hve mikið sparar Sigurjón á að vinna verkið sjálfur?

- F 2475 kr.
 G 14850 kr.
 H 28900 kr.
 I 37650 kr.


- 43.** Hreinsunarfyrirtækið býðst til að þrifa tveggja sæta sófa fyrir 17570 kr. og þriggja sæta sófa fyrir 23845 kr. Ef heildarupphæð fer yfir 40000 kr. er veittur 10% afsláttur. Sigurjón lætur þrifa einn tveggja sæta og einn þriggja sæta sófa.
Hve mikið þarf hann að borga fyrir þrifin?

Námundaðu svarið að heilli krónu.

- K 37270 kr.
 L 37274 kr.
 M 41405 kr.
 N 41001 kr.

- 44.** Skoðaðu myndina.
Hvert er ummálið?

- P 28
 R 36
 S 38
 T 48



- 45.** Hvert er flatarmálið?

- V 20
 X 24
 P 28
 Æ 36

MUNIÐ EFTIR BAKSÍÐUNNI

⊥ ⊥ ⊥

Verðskrá fyrir aðgang að skautasvelli

- Börn 600 kr.
- Fullorðnir 800 kr.
- Skautaleiga 400 kr.
Fyrir þá sem koma með eigin skauta kostar 500 kr. á mann, innifalið aðgangseyrir – hjálmur.
- Fjölskyldupakki fyrir 4 með skautum 2800 kr.
- Hópafsláttur fyrir 20 manns eða fleiri: Verðið er 700 kr. á mann.
Innifalið er aðgangseyrir – skautar – hjálmur.
Afsláttur miðast við að greitt sé fyrir allan hópinn í einu.

46. Skautuferð var ákveðin hjá 7. bekk. Í bekknum eru 24 nemendur. Í ferðina fara að auki þrír úr foreldraráði og umsjónarkennarinn. Allir fara á skauta og þar sem hópurn er stærri en 20 fæst hópafsláttur. Umsjónarkennarinn og 6 nemendur eiga skauta.

Hve mikið á að greiða fyrir allan hópinn í einu?

- A 14000 kr.
- B 16800 kr.
- C 18200 kr.
- D 20000 kr.

47. Í skólamötuneyti borða að jafnaði 424 krakkar. Þar eru 40 átta manna borð.
Hve mörg sex manna borð þarf til viðbótar svo allir geti setið?

- F 13 borð
- G 18 borð
- H 24 borð
- I 31 borð